

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Hornafirði, 19. apríl 2017
nr. erindis 201704029 BB

Málefni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um opnun neyðarbrautar á Reykjavíkurlflugvelli 156. mál.

Bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar tók málið fyrir á fundi sínum þann 18. apríl og bókaði eftirfarandi:


*Bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar styður framkomna þingsályktunartillögu um opnun neyðarbrautar á Reykjavíkurlflugvelli.
Í umfjöllun bæjarráðs um staðsetningu Reykjavíkurlflugvallar í Vatnsmýri í febrúar 2016 kemur eftirfarandi fram:*

Bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar skorar á ríkisstjórn Íslands og borgarstjórn Reykjavíkur að tryggja óskerta starfsemi Reykjavíkurlflugvallar og tryggja þar með öryggishagsmuni íbúa landsbyggðanna, a.m.k. þangað til jafngóð eða betri lausn finnst. Það er með öllu ólíðandi að dregið verði úr öryggi sjúklinga og slasaðra sem þurfa að komast með hraði á Landspítalann þar sem staðsett er sérhæfð þjónusta s.s. hjartaþræðingar, heila- og taugaskurðlækningar og vökudeild.

*Árið 2015 voru 58 einstaklingar fluttir í sjúkraflugi frá Hornafjarðarflugvelli. Því miður er óraunhæft að ætla að í náinni framtíð skapist þær aðstæður í íslenskrri heilbrigðisþjónustu að ekki verði þörf á að koma mörgum af erfiðustu tilfellunum sem koma upp á landsbyggðunum á Landspítalann við Hringbraut. “
Mikilvægt er að aðgengi íbúa landsbyggðanna að öflugustu heilbrigðisþjónustu landsmanna sé tryggt og fundin verði framtíðarlausn á staðsetningu fyrir eitt mikilvægasta samgöngumannvirki þjóðarinnar sem fyrst.*

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt



Björn Ingi Jónsson

Bæjarstjóri

Sveitarfélagsins Hornafjarðar

